



01.12.2021

2. fundur

Mættir: Fríða Stefánsdóttir, Brynja Rúnarsdóttir, Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, Thelma Rúnarsdóttir, Rakel Rós Ævarsdóttir og Jóhann Jóhannsson. Fundur haldinn á Teams

Dagskrá:

1. Farið yfir gátlista vorannar Heilsueflandi skóla
2. Farið yfir drög að forvarnaráætlun skólans
3. Skoðað gátlista á innri vef og ákveðið að senda á bekki hvernig þeir eru að vinna með geðheilbrigði þetta skólaárið.
4. Önnur mál

1. Heilsueflandi teymi ákveður að leggja mikla áherslu á að fá gestafyrirlesara um jákvæða sjálfsmynd og trú á eigin getu. Deildastjóri fer í að finna fyrirlesara. Rætt um uppbrot í starfsmannahópnum í Lífshlaupinu og hvernig við getum fengið nemendaráð með okkur í að hvetja nemendur að taka þátt.
2. Heilsueflandi teymi fundar næst með námsráðgjafa vegna forvarnaráætlunar og skoðar hvort það eigi að fá fund með deildastjóra frístunda í sveitarfélaginu vegna íþróttaiðkunar barna.
3. Deildastjóri tekur að sér það verkefni að fá upplýsingar frá umsjónarkennurum.
4. Farið yfir allt sem búið er að gera.

Dagur gegn einelti

Alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi

Litahlaupið

Ábendingar um heilsuviku frá kennurum tekið til skoðunar. T.d. að Ólympíuhlaupið og fótolti kennara sé á gulum degi.